

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn		
Prófdagur:	3. maí 2014	Kl.:	09:00 til 13:00
Próftími alls:	4 klst.	Prófblöð þmt. forsiða):	4
Leyfileg hjálpargögn:	Eingöngu leyfilegt að hafa lög, reglugerðir, reglur Fjármálaeftirlitsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin, Kauphöll Íslands hf.)	Fylgiblöð:	Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. verkefni – 5%

Skilgreindu hugtakið „flöggun“. Hverjir flagga?

2. verkefni – 5%

Hvað er viðskiptavaki og hverjar eru helstu skyldur viðskiptavaka?

3. verkefni – 10%

Stórar áhættuskuldbindingar. Fjallaðu um markmið þeirra reglna og helstu atriði sem þarf að hafa í huga.

4. verkefni – 10%

Fjallaðu um markaðstorg fjármálagerna. Nefndu dæmi og tilgreindu hvað skilur það frá kauphöll frá sjónarmiði útgefenda.

5. verkefni – 10%

Nonni og Manni eru félagar og vinna báðir í greiningardeild hjá stórum viðskiptabanka á Íslandi. Báðir hafa þeir nýlega lokið prófi í verðbréfavíðskiptum og ræða saman um það sem þeir lærðu á námskeiðinu. Þegar talið berst að þagnarskylduákvæðinu í lögum um fjármálafyrirtæki heldur Nonni því fram að sem starfsmaður bankans megi hann ekki einu sinni upplýsa utanaðkomandi hvort tiltekinn maður sé í víðskiptum við bankann eða ekki. Manni er þessi algerlega ósammála og segir að þagnarskylduákvæðið nái ekki svona langt og að það sé í lagi að segja frá því hvort tiltekinn maður sé í víðskiptum við bankann. Hann segir að það megi bara ekki upplýsa í hvers konar víðskiptum hann sé við bankann.

Hvort hefur Nonni eða Manni rétt fyrir sér eða hefur kannski hvorugur rétt fyrir sér? Röðstýðjið niðurstöðuna og fjallið um hagsmuni þá sem þagnarskyldan á að verja.

6. verkefni – 10%

Jóna er að vinna sem miðlari hjá fjárfestingarbanka. Þrátt fyrir að hún hafi staðist próf í verðbréfavíðskiptum fyrir löngu síðan er hún ekki með það á hreinu til hvers er ætlast þegar nýr víðskiptavinur hefur samband og óskar eftir að hún kaupi fyrir hann hlutabréf í félagi skráðu á skipulegan verðbréfamarkað.

Þar sem þú hefur nýlega lokið prófi í verðbréfavíðskiptum kemur Jóna til þín og biður þig um að aðstoða sig.

Skrifaðu upp atriðin sem Jóna á að framfylgja.

7. verkefni – 15%

Íslenskt fjármálafyrirtæki telur að það séu miklir stækkunarmöguleikar í útrás og hefur stjórn þess tekið ákvörðun um að kaupa allt að 25% hlut í fjármálafyrirtæki sem er með skráð

hlutabréf í kauphöll í Kaupmannahöfn. Íslenska fjármálafyrirtækið er bæði með skuldabréf og hlutabréf skráð á skipulegan verðbréfamarkað á Íslandi.

Til þess að kaupin á hlutabréfunum gangi vel fyrir sig hefur íslenska fjármálafyrirtækið ráðið sér til aðstoðar lögmennt og endurskoðendur í Danmörku.

Svaraðu eftirfarandi spurningum:

a) Með hvaða hætti koma íslenskir eftirlitsaðilar að útrásinni? (7,5%)

b) Hvaða reglur gilda um innherja þegar svona stendur á. Eru einhverjar undantekningar frá þeim reglum? (7,5%)

8. verkefni – 15%

Eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins á 38% hlut í verðbréfafyrirtæki. Fjármálafyrirtækið hefur um langan tíma reynt að selja hlut sinn í verðbréfafyrirtækinu. Í stjórn verðbréfafyrirtækisins sitja fimm einstaklingar sem aðalmenn sem allir eru óháðir fjármálafyrirtækinu. Í verðbréfafyrirtækinu sitja jafn margir varamenn. Einn þeirra er starfsmaður rekstrarfélags sem fjármálafyrirtækið á 55% hlut í. Þessi varamaður hefur verið varamaður í stjórn verðbréfafyrirtækisins í þrjú ár en aldrei verið kallaður inn á stjórnarfund.

- a) Hvaða reglur gilda um heimild fjármálafyrirtækisins um að tilnefna þennan varamann til stjórnarsetu í verðbréfafyrirtækinu. (7,5%)
- b) Hvaða hagsmuni er verið að vernda með þeim reglum sem gilda um heimild fjármálafyrirtækis til að skipa starfsmann sinn í stjórn dótturfélags sem einnig er fjármálafyrirtæki? (7,5%)

9. verkefni – 20%

Tom Cruise var staddur á Íslandi og kom við í útibúi Aðalbankans í miðbæ Reykjavíkur. Þar hitti hann viðskiptastjóra og ákvað að fjárfesta fyrir 10.000.000 krónur í hlutabréfum Aðalbankans. Hlutabréf bankans voru skráð á markað á Íslandi og í Danmörku á þessum tíma. Viðskiptastjórinn gekk frá öllum skjölum í tengslum við fjárfestinguna eins og lög og reglur gera ráð fyrir og viðskiptavinurinn undirritaði. Viðskiptavinurinn gaf upp erlent heimilisfang en tók fram að öll yfirlit átti að senda í útibú Aðalbankans á Akureyri þar sem hann hefði verið við myndatökur og litist vel á allar aðstæður. Einnig tók hann fram að bankanum væri bannað að hafa samband við sig í gegnum síma eða bréfleiðis því hann væri mjög mikið á ferð og flugi og hann hugsaði fjárfestinguna til mjög langs tíma. Þar sem hér var um óvenjulega ósk að ræða fékk viðskiptastjórinn hana skriflega frá viðskiptavininum.

Þegar ganga átti frá fjárfestingunni í bakvinnslu bankans rak starfsmaður þar augun í það að viðskiptavinurinn hafði strikað yfir „ISK“ og skrifað við það „DKK“ (danskar krónur). Viðskiptavinurinn hafði síðan millifært Evrur – sem jafngiltu 10 milljónum króna inn á vörslureikninginn en samkvæmt viðskiptabeiðninni virtist hann óska eftir að kaupa hlutabréf fyrir 10 milljónir danskar krónur. Vegna þessa ósamræmis og þar sem viðskiptavinurinn hafði bannað bankanum að hafa samband við sig voru viðskiptin ekki framkvæmd.

Tveimur árum síðar, þegar Tom kom aftur til Akureyrar, sótti hann yfirlitin sín í útibúið á Akureyri. Þá komst hann að því að ekki hafði verið fjárfest fyrir fjármuni hans í hlutabréfum í bankanum eins og hann hafði óskað eftir. Hlutabréf í Aðalbankanum höfðu hækkað verulega í verði á þessum tíma og krafðist viðskiptavinurinn að bankinn bætti sér tap sitt af því að ekkert hafði orðið af fjárfestingunni á sínum tíma. Evrurnar hans hafði bankinn geymt á gjaldeyrisreikningi á 0,5% vöxtum.

Stjórulögmaður sá sem að viðskiptavinurinn réð til að gæta sinna hagsmuna mótmælti ekki að viðskiptavinurinn hefði bannað bankanum að hafa samband við sig en hélt því fram að bankinn hafði vitneskju um heimilisfang hans og hvernig ætti að hafa samband við sig í neyðartilvikum.

Ekki náðist saman milli aðila og fór málið því fyrir „Úrskurðanefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki“.

Taktu saman álitaefnin sem hér geta komið til skoðunar og komdu með rökstudda niðurstöðu. Fór bankinn rétt að í samskiptum sínum við viðskiptavininn? Átti bankinn að hafa samband við viðskiptavininn? Hafði bankinn enginn önnur úrræði en að varðveita fjármunina á gjaldeyrisreikningnum? Hvaða afleiðingar geta aðgerðir/aðgerðarleysi bankans haft í þessu samhengi.

(Þú mátt líta framhjá því að það eru gjaldeyrishöft í þessari umfjöllun.)